

31.10.2014

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögnum um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). Umsagnir þurfa að berast eigi síðar en 13. nóvember á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is). Þingskjalið má finna á <http://www.althingi.is/altext/144/s/0030.html>.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgum fjármálagerninga til jafns við verðbréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu eru þeir verndarhagsmunir sem búa að baki 2. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðanna að stærstum hluta tryggðir með því regluverki sem gildir um markaðstorg fjármálagerninga sem rekið er á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

Frumtak er samlagssjóður í eigu Nýsköpunarsjóðs, sex lífeyrissjóða og bankanna þriggja. Sjóðurinn fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og er vænleg til vaxtar og útrásar. Sjóðurinn er tímasettur, þ.e. að starfstími hans er sjö ár. Eitt helsta vandamál sjóða eins og Frumtaks er að finna kaupendur að fjárfestingu sjóðsins á Íslandi. Ef ofangreind breyting á lögum um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða verður að veruleika, þannig að kaup á hlutabréfum á markaðstorgi fjármálagerninga teljist skráð verðbréfakaup lífeyrissjóða, þá mun það styrkja verulega starfsumhverfi sjóðsins og gera honum betur kleift að rækja hlutverk sitt á þeim tíma sem honum er ætlaður. Það er líklegt að velta verði meiri á hlutabréfum minni fyrirtækja og þannig verði sjóðum líkt og Frumtaki gert auðveldara að halda áfram starfsemi sinni með stofnun fleiri sjóða sem hafi að markmiði að styðja við nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga. Þess vegna er full ástæða til að mæla með ofangreindum breytingum.

Virðingarfyllt,  
Dr. Eggert Claessen  
Framkvæmdastjóri  
Frumtak  
Sími 5101850 Farsími: 8970892

[www.frumtak.is](http://www.frumtak.is) [eggert@frumtak.is](mailto:eggert@frumtak.is)

